

## **Kennsluáætlun**

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



**Námsgrein: Samfélagsfræði**

**Bekkur/hópur: 6. bekkur**

**Kennari: Hrönn Björnsdóttir**

**Tímabil: Haustönn 2023- 2024**

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið aðalnámskrár lögð til grundvallar.

- Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.
- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
- Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.
- Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

Helstu námsbækur og gögn:

- Norðurlönd lesbók og vinnubók
- Youtube myndbönd
- Verkefni með notkun tölvu/ipad
- Kennslubókin Frá Róm til Þingvalla

Leiðsagnarmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær

- Metið verður eftir vinnusemi í kennslustundum
- Metið verður eftir samvinnu við aðra nemendur.
- Kannanir á þekkingu nemenda í gegnum Kahoot.
- Glærusýning þar sem nemendur meta hvort annað. Jafningjamat í febrúar.

Ágúst- nóvember, 2023.

Námsefni: Frá Róm til Þingvalla

Hæfniviðmið: Nemendur kynnist helstu trúarbrögðum heims. Nemendur öðlist þekkingu á sögu Evrópu frá Rómverjum, upphafi kristni fram til víkingaaldar og sögu Íslands frá landnámi fram yfir kristnitöku.

Verkefnavinna: Nemendur svara spurningum og vinni verkefni inn á google classroom, geri kynningu um trúarbrögð og kynni fyrir öðrum nemendum, hanni dúkkulísur eftir merktum einstaklingum úr bókinni og búi til myndband. Horft á myndina Ástríkur og Steinríkur og unnið verkefni úr því.

Desember: Nemendur læri um hindúatrú og búddatrú og geri bækling um trúarbrögð sem þau velja sér.

Hæfniviðmið: Nemendur kynnist helstu trúarbrögðum heims.

Janúar - apríl 2024

Námsefni: Norðurlöndin lesbók og vinnubók

Hæfniviðmið: Nemendur öðlist þekkingu á landsvæðum Norðurlanda, helstu borgum, atvinnuháttum, menningu, tungumálum og samfélagi. Nemendur læri að vinna með ólík forrit í tölvum.

Verkefnavinna: Nemendur vinna í google umhverfinu og heimasíðu tengdri Norðurlöndunum.